

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 976, 28. desember 2000, fyrir Akranesveitu.

1. gr.

30. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

AV selur heitt vatn í smásölu samkvæmt magnmælingu um rennslismæla. Fast gjald er greitt og er það háð afköstum rennslismælisins en óháð töxtum að öðru leyti. Af húsi sem tengist hitaveitunni skal greiða stofngjald.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt vatnalögum nr. 15, 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967 og öðlast gildi 1. desember 2001.

Íðnaðarráðuneytinu, 26. nóvember 2001.

Valgerður Sverrisdóttir.

Porgeir Örlygsson.

REGLUGERÐ

um próf og löggildingu fyrir dómtúlka og skjalapýðendur.

1. gr.

Sá sem vill öðlast rétt til að vera dómtúlkur og skjalapýðandi samkvæmt lögum um dómtúlka og skjalpýðendur nr. 148 20. desember 2000 skal, samkvæmt ákvæðum 3. gr. nefndra laga, sanna kunnáttu sína í tungu þeirri sem hann vill öðlast rétt til að túlka fyrir dómi og þýða skjöl úr og á með því að standast prófraun sem dómsmálaráðuneytið efnir til.

Með umsókn um að þreyta prófraun skal fylgja sakavottorð og yfirlýsing umsækjanda um að hann sé lögráða. Einnig skal fylgja yfirlit um nám og starfsferil.

2. gr.

Efna skal til prófraunar að jafnaði annað hvert ár. Prófraun til skjalapýðingarréttinda er skrifleg og skiptist í tvo hluta, sameiginlegt próf í prófstofu og heimaverkefni. Fyrir þá sem óska eftir að öðlast réttindi sem dómtúlkar fer fram sérstök munnleg prófraun. Prófraun skal hagað sem hér segir:

I. Sameiginlegt próf í prófstofu.

Prófið fer fram undir eftirliti prófstjórnar. Haldin eru tvö fjögurra tíma skrifleg próf. Í öðru prófinu er þýtt úr erlenda málinu á íslensku en í hinu úr íslensku á erlenda málið. Textar í hvoru prófi skulu vera samtals 500 orð að jafnaði. Við próftökuna má nota orðabækur og önnur hjálpargögn sem prófstjórn samþykkir. Ekki er heimilt að nota tölvur eða ritvélar.